



Söfnunar– og móttökustöðvar sem eru með starfsleyfi frá heilbrigðisnefnd

*–Leiðbeiningar Umhverfisstofnunar
vegna móttöku spilliefna*





Samkvæmt lögum um meðhöndlun úrgangs er heimilt að taka á móti tilteknum spilliefnum frá almenningi og/eða smærri fyrirtækjum til geymslu til skamms tíma. Óheimilt er að meðhöndla spilliefnin, s.s. flokka þau eða umhella. Óheimilt er að tappa spilliefnum af tækjum eða búnaði.

Í VIII. kafla laga um meðhöndlun úrgangs eru ákvæði sem gilda um söfnun og tímabundna geymslu spilliefna. Þessi ákvæði skulu uppfyllt.

Spilliefni sem taka má við

Æskilegt er að í starfsleyfi komi fram hvaða spilliefnum megi taka við og skal þá miða við spilliefni sem falla til á heimilum eða hjá smærri fyrirtækjum.

Dæmi um slík spilliefni:

- málning, grunnar, bón, lím og lökk
- ýmiskonar hreinsiefni og ryðleysir
- lífræn leysiefni, t.d. terpentína, olíuhreinsir og þynnir
- lyf
- rafhlöður og rafgeymar
- stíflueyðir
- úðabrúsar
- gaskútar
- úrgangur sem inniheldur kvikasilfur, t.d. hitamælar og þerur
- fúavarnarefni
- rottueitur
- skordýraeitur
- illgresiseyðir
- sótthreinsiefni
- úrgangsolía– og feiti
- ópressaðar olíusúr
- vökvar af bílum og tækjum, t.d. frostlögur, bremsuvökvi og eldsneyti
- ryðvarnarefni
- flugeldar
- ísskápar og kælitæki sem innihalda kælimiðla
- raf– og rafeindatæki sem innihalda spilliefni

Heilbrigðisnefnd getur heimilað móttöku á öðrum spilliefnum, í samræmi við aðbúnað á viðkomandi stöð. Æskilegt er að ekki verði heimiluð móttaka mjög hættulegra efna sem þarf sérþekkingu til að meðhöndla.

Magn spilliefna sem tekið er við

Æskilegt er að hverri stöð verði heimilað að taka á móti að hámarki 100 tonnum af spilliefnum á ári og að hámarki geyma 10 tonn hverju sinni. Heilbrigðisnefnd setur nánari takmörkun á magni í starfsleyfi, ef svo ber undir.

Æskilegar lágmarkskröfur um starfshætti og mengunarvarnir

Starfsemin skal ávallt vera undir yfirumsjón starfsmanns sem þekkingu hefur á meðferð spilliefna. Starfsfólk skal hafa þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það getur komist í tæri við. Leiðbeiningar til starfsmanna, sem heilbrigðisnefnd telur fullnægjandi, skulu vera á áberandi stað.

Spilliefnum skal safna í lokanleg, lekaheld ker sem henta til geymslu spilliefna. Kerin skulu merkt með skýrum hætti til að auðvelda flokkun. Þau skulu merkt með upplýsingum um efnaflokk, hættulega eiginleika og magn spilliefna. Spilliefnin skulu vera í þeim umbúðum sem þau berast í og skal eftirlit haft með því að spilliefnin fari í viðeigandi ker. Spilliefnin skulu geymd í kerunum þar til þau eru send til viðurkenndrar spilliefnamóttöku. Spilliefnum má ekki blanda saman við annan úrgang og skal halda einstökum tegundum spilliefna aðgreindum.

Spilliefnakerin skulu staðsett þannig að þau séu stöðug og verði ekki fyrir hnjaski, t.d. frá ökutækjum. Tryggja skal að úrkoma komist ekki að spilliefnunum. Ef nauðsyn krefur skulu kerin geymd innandyra eða í sérstökum gámi. Skal þess gætt að spilliefnin berist ekki í frárennsli eða geti á annan hátt valdið mengun umhverfis eða skaðlegum áhrifum á fólk eða dýr. Ef kerin eru geymd innandyra eða í sérstökum gámi skal tryggja fullnægjandi loftræstingu.

Svæði þar sem tekið er á móti spilliefnum og þau geymd skal vera innan traustrar girðingar og skulu hlið læst utan afgreiðslutíma. Undirlag svæðisins skal vera steinsteypt eða malbikað. Frárennsli frá svæðinu skal annað hvort leitt í lokaða safnþró/lekabyttu eða í sandfang og olíuskilju. Rúmtak safnþróar/lekabyttu skal að lágmarki vera jafnt rúmtaki stærsta spilliefnakers á svæðinu. Við úttak olíuskilju skal vera búnaður svo hægt sé að loka fyrir frárennslið. Aðstaða skal vera til að taka sýni af frárennslisvatni við úttak olíuskilju. Viðeigandi ísogsbúnaður og ídræg efni skulu vera til reiðu.

Ef óhapp verður og spilliefni fara í niðurföll skal samstundis loka fyrir frárennsli frá olíuskilju. Stöðva skal leka svo fljótt sem verða má. Nota skal ísogsbúnað og ídræg efni til að ná spilliefnunum upp. Tilkynna skal óhöpp til viðkomandi heilbrigðiseftirlits. Í neyðartilvikum skal hafa samband við Neyðarlínu í síma 112.

Spilliefnin skal senda reglulega til viðurkenndrar spilliefnamóttöku og fá kvittun fyrir skilum. Miða skal við að vikulega sé magn spilliefna í stöðinni metið og um leið metin þörf á skilum til spilliefnamóttöku. Aldrei skal þó geyma einstök spilliefni lengur en í 6 mánuði í stöðinni.

Heilbrigðisnefnd setur nánari skilyrði í starfsleyfi, ef svo ber undir.